



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Reykjavík, 12.janúar 2016

Niðurstaða athugunar á eftirliti með peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka hjá Arion banka hf.

Fjármálaeftirlitið hóf athugun á aðgerðum gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka hjá Arion banka hf. með bréfi dagsettu hinn 27. júlí 2015. Athuginin beindist að tilteknum þáttum er varða eftirlit Arion banka hf. samkvæmt lögum nr. 64/2006 um aðgerðir gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Markmið athugunarinnar var að skoða hvort staðið hafi verið með viðunandi hætti að áreiðanleikakönnun, sem framkvæma skal við upphaf samningssambands, sem og hvort reglubundið eftirlit hefði átt sér stað í kjölfarið, sérstaklega með tilliti til þess hvort uppfærðra upplýsinga um viðskiptavini hafi verið aflað.

Niðurstöður vettvangsathugunarinnar eru byggðar á gögnum og upplýsingum sem aflað var við athuginina og stöðunni eins og hún var á þeim tíma sem athuginin fór fram sem og kynningu frá regluvörslu Arion banka hf.

Í samræmi við 9. gr. a. laga nr. 87/1998 birtir Fjármálaeftirlitið hér með opinberlega samandregnar niðurstöður nefndrar athugunar.

Kannað var úrtak sjö lögaðila og úrtak sjö einstaklinga. Helstu niðurstöður úr þeim úrtökum sem Fjármálaeftirlitið skoðaði voru að af þeim 7 einstaklingum sem athugin Fjármálaeftirlitsins tók til, voru gerðar tvær athugasemdir við könnun á áreiðanleika upplýsinga um viðskiptamann samkvæmt 12. gr. laga nr. 64/2006. Fjármálaeftirlitið fór fram á að Arion banki hf. geri viðeigandi úrbætur í kjölfar athugunarinnar.

Almennt telur Fjármálaeftirlitið að verklag bankans sé í samræmi við lög nr. 64/2006 og leiðbeinandi tilmæli nr. 5/2014 um aðgerðir gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Á heildina litið uppfylltu aðgerðir Arion banka hf. þær kröfur sem gerðar eru í lögum nr. 64/2006 sem og leiðbeinandi tilmælum Fjármálaeftirlitsins nr. 5/2014 um aðgerðir gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka.